

veiktist á leiðinni og lagðist á Hafrafelli í sama hreppi. Þar lá hann þangað til 14. apríl, en þá var farið á stað með hann þaðan áleiðis til heimilis hans, en hann komst ekki lengra en að Meðalnesi í sama hreppi, lagðist þar og lá þar þangað til hann dó 26. maí s. á. Kostnaðurinn við legu Guðmundar og útför varð 165 kr. 20 au. Guðmundur átti dálitlar eigur og voru þær seldar á uppboði fyrir 62 kr. 53 a. og upphæðin látin ganga upp í nefndan kostnað, en mismuninn 102 kr. 67 au. krafðist hreppsnefnd Fellahrepps síðan með brjefi 19. júlí s. á., að framfærslusveit Guðmundar, Geithellahreppur, borgaði. Síðan voru dregin frá gjöld til prests, svo að krafan verður 89 kr. 76 au.

Hreppsnefnd Geithellahrepps hefir neitað að greiða nefnda upphæð, því hjer væri eigi um löglega veittan sveitarstyrk að ræða, þarsem Guðmundur hafi eigi bedið um styrkinn og engin aðsjónargjörð hafi farið fram, enda væri tilkynning um styrk þenna allt of seint send. Hreppsnefnd Fellahrepps telur þetta hins vegar lögmætan sveitarstyrk, þarsem hún hefði tekið að sjer ábyrgð á legu-kostnaðinum, en kveðst hafa dregið tilkynningu um það vegna þess, að eigi hefði verið vonlaust um, að Guðmundur, hefði hann brátt komizt til heilsu, borgaði sjálfur kostnaðinn, og eptir að hann var dáinn, hefði orðið að gjöra upp búið áður en reikningur yrði sendur.

Amtmaðurinn hefir í úrskurði sínum talið það lagaskyldu Geithellahrepps samkvæmt 26. gr. í tilsk. um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866 að endurgjalda Fellahreppi framangreinda upphæð. En þarsem hvorki þær ástæður, er lagagrein þessi gjörir ráð fyrir, nje samkynja ástæður þeim liggja fyrir í þessi máli, getur stjórnarráðið eigi talið rjett að beita ákvæðum lagagreinar þessarar hjer. Á hinn bóginn hefir hreppsnefnd Fellahrepps eigi komið fram með gildar afsakanir fyrir því, að hún, eins og að framan getur, hefir ekki gætt fyrir mæla fyrir lögmætri veiting sveitarstyrks, og auk þess hefir hreppsnefndin enga tilkynning sent hreppsnefnd framfærslusveitarinnar um þetta mál, fyrr en æði löngu eptir lát Guðmundar, þótt það væri skylda hennar, þegar hún tók að sjer ábyrgðina, að tilkynna framfærslusveitinni það, svo framarlega sem vænt var endurgjalds frá framfærslusveitinni á þeim kostnaði, er af ábyrgðinni kynni að leiða fyrir sveitar-sjóð Fellahrepps.

Samkvæmt þessu er hjer með úrskurðað, að Geithellahreppur skuli frí af kröfum Fellahrepps í þessu máli.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Fellahrepps.

Fiskiveiðasamþykkt.

52

19. maí

Sýslunefndin í Norðurísafjarðarsýslu hefir með lögakveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmis-

52 leg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lögum 4. des. 1886 og 20. 19. maí des. 1901 um breyting á fyrnefndum lögum gjört eptirfylgjandi

samþykkt

um breyting á samþykkt 30. júlí 1898 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Norðurlisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað.

3. gr. í samþykkt 30. júlí 1898 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Norðurlisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað er úr gildi felld.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. júní 1905.

Í stjórnarráði Íslands, 19. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

53

17. maí

Auglýsing

um breyting á erindisbrjefi ráðsmanns holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsettu 10. september 1898.

Eptir tillögum yfirstjórnar holdsveikraspítalans í Laugarnesi eru gjörðar eptirgreindar breytingar á erindisbrjefi ráðsmanns holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsettu 10. september 1898:

1. gr.

Í stað 7. gr., sem fellur burtu, kemur ný grein svohljóðandi:

Hann skal vera á skrifstofu sinni á morgnana frá kl. 9¹/₂—10¹/₂, svo að yfirlæknir spítalans og húsmóðirin geti hitt hann, þegar hin daglega húsvitjun er afstaðin, til viðtals um pantanir og önnur nauðsynjamál spítalans; skal þá samin matskrá næsta dags eptir fyrirmælum læknis, og ber ráðsmanni að afhenda hana, undirskrifada af læknum, ráðskonunni fyrir miðaptan. Næsta dag afhendir ráðskonan ráðsmanni aptur matskrána með nafni sínu á, og fer hún svo til gjaldkera.

2. gr.

Aptan við 9. gr. bætist:

Ennfremur heldur hann bók, sem yfirstjórnin löggildir, yfir öll þau búsgögn spítalans, sem hann hefir undir sinni hendi sjerstaklega samkvæmt stöðu